

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegsnefndar.

Lengi hefur það verið ljóst að ákvæði í lögnum um stjórn fiskveiða um skerðingu sóknardaga mundu kippa fótunum undan útgerð sóknardagabáta ef ekkert yrði að gert. Þessir bátar hafa verið afar mikilvægir fyrir mörg sjávarþorp en mest þau smærri á norðvesturhorni landsins. Í aðdraganda síðustu kosninga var málið mjög rætt og stefna frambjóðenda í landsbyggðarkjördæmunum þar sem þessir bátar hafa gert út og eftt atvinnulífið á undanförunum árum var einróma. Þeir ætluðu að beita sér fyrir lausn á vanda þessara báta og tryggja dagakerfið til framtíðar. Á Alþingi var spurt ákæft eftir efndum þessara loforða á fyrri hluta þessa þingvetrar. Svör komu um að sjávarútvegsráðherra væri að vinna að lausn málsins. Þegar ekki bólaði á þeirri lausn var tillaga um 23 daga gólf í dagakerfið borin upp við afgreiðslu breytinga á lögnum um stjórn fiskveiða fyrir síðustu áramót. Tillagan var studd af stjórnarandstöðunni einni. Þingmenn stjórnarliðsins, sem sögðust jafnt þá sem í kosningabaráttunni enn berjast af öllu afli fyrir gólfi í dagakerfið, lýstu því þá yfir að þeir vildu gefa ráðherra ráðrúm til að leysa málið. Nú þegar komið var að lokadögum þinghalds lagði sjávarútvegsráðherra loks fram frumvarp sem fól í sér tvo kosti að hans mati. Annar kosturinn var að útgerðarmenn þessa bátaflokks gætu valið kvótasetningu sem miðaðist við 22% skerta veiðireynslu, hinn að vera áfram í dagakerfi, en veiðireynsla þeirra sem eftir yrðu skyldi ráða þeim dagafjölda sem yrði þar til ráðstöfunar. Innihald frumvarpsins var að öllu leyti sniðið að þeirri augljósu fyrirætlan ráðherrans að þurrka dagakerfið út.

Þessir tveir kostir gátu ekki með nokkru móti talist jafngildir vegna þess að í dagakerfi sem þessu er veiðirétturinn sameiginlegur og enginn hefur í raun meiri rétt en annar til veiða. Með því að gefa þeim sem mesta aflareynslu hafa síðustu tvö ár kost á að fara út úr kerfinu með hana hefði orðið eðlisbreyting á þessum veiðirétti og þeir sem hafa stundað veiðarnar af mestum krafti síðustu ár hefðu á grundvelli þessarar fyrirhuguðu lagasetningar hrifsað veiðiréttinn, sem sameiginlegur er í dagafyrirkomulaginu, með sér út úr kerfinu. Örfáir bátar hefðu því orðið eftir í dagakerfinu, þ.e. eingöngu þeir sem hafa fjárfest í bátum alveg nýlega og hafa það litla veiðireynslu að þeirra hefði ekkert beðið nema gjaldþrot við flutning yfir í krókaafلامarkid. Þeirra beið reyndar gjaldþrot í dagakerfinu líka vegna þess að þar hefði svo lítil veiðireynsla orðið eftir að dagarnir sem til ráðstöfunar gátu orðið hefðu þess vegna hreinlega gufað upp á öðru ári.

Þeir sem hafa veiðireynslu undir 15 tonnum áttu að fá þann kost samkvæmt frumvarpinu að flytja sig milli kerfanna með tilboði um lágmarkskvóta sem svaraði 15 tonnum. Þannig hugðist sjávarútvegsráðherra ýmist þvinga eða kaupa menn út úr dagakerfinu í því augljósa augnamiði að koma þessu eina sóknarstýrða kerfi við fiskveiðistjórn á Íslandi fyrir kattarnef. Sú fyrirætlan hlýtur að vera mörgum umhugsunarefni vegna fiskveiðistjórnarinnar í heild og af ýmsum öðrum ástæðum. Sóknarkerfi smábáta hefur gefið kost á því að fylgjast með og mæla veiðanleika fisks á grunnslóð og bera saman mismunandi áhrif veiðistjórnar, t.d. með

tilliti til brottkasts og vistvænna veiðarfæra. Nefnd er nú að störfum sem á að kanna kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Það er afar athyglisvert að stjórnvöld skuli áður en því starfi er lokið ákveða að leggja niður þetta sóknarstýrða kerfi.

Hagsmunaaðilar með Landssamband íslenskra útvegsmanna í broddi fylkingar og stjórn-málamenn frjálshyggjudrauma í sinni villtustu mynd hafa ekki unnt sér hvíldar fram á þennan dag og verða ekki í rónni fyrr en hver einasta branda sem syndir um Íslandsmið er orðin að einkaeign einhverra útgerðarmanna. Þeir munu ekki láta staðar numið fyrr en krókaafla-markskerfið verður lagt af líka. Þeir sem ráða þessari vegferð í innsta hring LIÚ hafa þann staðfasta vilja að tryggja með öllum ráðum að þeir geti sölsað undir sig allan veiðirétt á Ís-landsmiðum. Þessir aðilar hafa sýnt svo að ekki verður um villst að þeir geta ekki sofið ró-lega nótt á meðan einhver hluti flotans er utan seilingarfæris umbjóðenda þeirra og undir öðr-um reglum þó að í litlu sé. Þess vegna er engu eirt og allt lagt í sölurnar til að slátra síðasta frjálsræðinu við útgerð á Íslandi þó að það hafi í raun engu skipt fyrir heildarstjórn veiðanna. Það kom glögggt fram við umfjöllun málsins þegar forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar var spurður um áhrif breytilegra veiða dagabáta á ráðgjöf þeirrar stofnunar um heildarveiði. Fjöl-margir aðilar sendu inn athugasemdir og álit á frumvarpinu. Þau voru nær einróma í þá átt að frumvarpið mundi þýða endalok dagakerfisins, það mundi hafa miklar og alvarlegar af-leiðingar fyrir margar smærri sjávarbyggðir og tefla í tvísýnu atvinnu margra útgerðarmanna í þessum flokki og fólks í þeim byggðum sem notið hafa góðs af útgerð þeirra.

Eftir umfjöllun í nefndinni um málið ákvað meiri hlutinn að skárri væri að ganga hreint til verks og slá dagakerfið endanlega af. Frumvarpið var endursamið í snatri og Lands-samband smábátaeigenda kallað til í einhvers konar rústabjörgun undir þeim formerkjum að ekki væri neinn kostur boðinn sem tryggt gæti dagakerfið til framtíðar. Undir þeirri nauðung voru forsvarsmenn þessa bátaflokks þvingaðir til að taka þátt í vinnu við þá útgáfu málsins sem liggur fyrir í breytingartillögum meiri hlutans. Landssambandið hafði unnið af heilind-um og haft í því sérstaka sóknardaganefnd að ræða við stjórnvöld um framtíð sóknardaga-kerfisins. Með því var það að framfylgja stefnu félagsmanna sinna. Sjávarútvegsráðherra hélt þessum mönnum uppi á kjaftæði sem enga þýðingu hafði því að hann ætlaði greinilega í ljósi síðustu atburða allan tímann að leggja kerfið af. Fáeinir útgerðarmenn úr þessum bátaflokki gerðu harða hríð að kerfinu með baráttu fyrir því að breyta veiðireynslu sinni í kvóta. Þessir aðilar færðu þau rök helst fyrir því að leggja kerfið af að þeir vildu geta róíð allt árið. Verði dagakerfið tekið upp eins og minni hlutinn vill gera og þeim sem veiðar stunda í því kerfi skapaður traustur rekstrargrundvöllur er ekkert sem festir útgerðarmenn sem vilja haga at-vinnu sinni með öðrum hætti í kerfinu. Þeir geta selt bátana og fjárfest í öðrum fiskveiðikerf-um í staðinn.

Loforð og svardagar þingmanna stjórnarflokkanna um að tryggja framtíð þessa bátaflokks eru með þessum vinnubrögðum svikin með einstæðum hætti. Áhrif þess á byggðarlög, sér-staklega á norðvesturhorni landsins, að leggja þetta fiskveiðikerfi af eru ófyrirsjáanleg en þau verða augljóslega mikil í mörgum smáum sjávarbyggðum. Varla getur kúvending stjórn mála-manna í þessu máli talist í samræmi við yfirlýsingar um að nú sé komið að því að hið opin-bera styrki þessi svæði.

Minni hlutinn, ásamt Jóni Bjarnasyni áheyrnarfulltrúa í nefndinni, leggur til í sérstöku þingskjali að gerðar verði breytingar á frumvarpinu sem miðast við að tryggja útgerðarmönnum dagabáta rekstrargrundvöll til framtíðar og að kerfinu verði viðhaldið í heild áfram. Í til-löggunni er gert ráð fyrir því að sama viðmiðun verði notuð um heildarveiði og hefði verið ef allir útgerðarmenn dagabáta hefðu valið þann kost skv. 3. gr. frumvarpsins að vera kyrrir í

kerfinu. Útgerðarmönnum yrði hins vegar ekki gefinn kostur á því að fara með aflareynsluna út úr kerfinu og eyðileggja það eins og ráðherra ráðgerði. Þá eru lagðar til breytingar á veiðistjórn sem munu tryggja stjórn á heildarveiði bátanna og að hún verði með sem minnstum sveiflum. Þess vegna er gert ráð fyrir fimm ára viðmiðun við ákvarðanir um dagafjölda.

Gerð er tillaga um að bátar fái ekki að hafa fleiri rúllur um borð en fimm. Einnig er lagt til að sóknardögum fjölgi um næstu fiskveiðiáramót í 22 og að þeim verði fjölgað eða fækkað í samræmi við meðalheildarafla bátanna í flokknum miðað við fimm ára viðmiðunartímabil en að viðmiðunin verði þó aldrei lægri en aflinn var í tonnum á fiskveiðiárinu 2002/2003.

Þá er gerð er tillaga um að hömlur á hestaflatölu bátanna verði nokkru rýmri en frumvarpið gerir ráð fyrir og að þær komi til framkvæmda um leið og lögin öðlast gildi, annars yrðu lögin afturvirk gagnvart þeim sem hafa nú þegar hafist handa um vélaskipti. Öflugar vélar eru mikið öryggistæki í bátum og geta skipt sköpum ef þessi litlu fley þurfa að forðast skyndilegar veðrabreytingar.

Þá lagt til að 3. gr. frumvarpsins falli brott en hún fjallar um flutning bátanna úr dagakerfinu yfir í krókaafلامarkskerfið.

Jón Bjarnason, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykktur álit þessu og stendur einnig að framangreindum breytingartillögum.

Alþingi, 26. maí 2004.

Jóhann Ársællsson,
frsm.

Guðjón A. Kristjánsson.

Kristján L. Möller.

Jón Gunnarsson.

Fylgiskjal.

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga.

(25. maí 2004.)

Mál nr.996. Þingskjal 1664. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Á fundi stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga þann 25. maí 2004 var gerð eftirfarandi samþykkt;

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu að breyting á stjórn veiða sóknardagabáta feli í sér það markmið, að um tvo jafngilda valkosti verði að ræða varðandi framtíðarskipan veiða sóknardagabáta. Jafnframt er gerð sú krafa að sett verði fast gölf með fjölda sóknardaga.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga


Abalsteinn Oskarsson, framkvæmdastjóri

Umsögn Landssambands smábátæigenda (LS).
(24. maí 2004.)

Inngangur

Í upphafi þessarar umsagnar skal það tekið fram að frumvarp það sem hér er til umsagnar er ekki samkomulag milli LS og sjávarútvegsráðherra. Frumvarpið birtist LS með þeim hætti að sjávarútvegsráðherra kallaði sóknardaganefnd LS á sinn fund 10. maí sl. Þar tilkynnti ráðherrann ákvörðun sína um framlagningu frumvarps um sóknardagabáta. LS var kynnt efni frumvarpsins og gerði athugasemd við annan „valkost“ frumvarpsins, sem kvað á um að sögn ráðherra 18 daga gólf í sóknardaga. LS sagði það sína skoðun að til að valkostir væru jafngildir þyrfti lágmarksfjöldi sóknardaga að vera 20. Ráðherra var á annarri skoðun hann sagði 18 daga vera skurðpunktinn.

Auk þessa kom fram á fundinum að sóknartakmarkanir yrðu þær sömu og um hafði verið rætt milli LS og ráðherra.

Það urðu LS gríðarleg vonbrigði þegar í ljós kom við lestur frumvarpsins að ofanritað var hvergi að finna í frumvarpinu. Velji menn að halda áfram í sóknardagakerfinu bíður þeirra lakara veiðikerfi en þeir nú eru í, sóknardögum mundi fækka hlutfallslega, en ekki 10% eins og nú er, auk þess sem sóknartakmarkanir voru mun meiri en rætt hafði verið um. Vegna ákvæðisins um hlutfallslega fækkunar sóknardaga miðað við afla sl. fiskveiðiárs, yrði fullkomin óvissa með hvað framtíðin bæri í skauti sér. Valkostirnir eru því að mati LS ekki jafnir eins og ráðherra hafði kynnt. Til styrktar þessari skoðun skal bent á 3. ml. 3. mgr. í 1. gr. athugasemda við frumvarpið: „Hver sá viðmiðunrafli verður er ekki unnt að áætla fyrir en fyrir liggur hvaða bátar verða í sóknardagakerfinu á næsta fiskveiðiári.“

Meginefni

LS leggst ekki gegn því að teft sé fram valkostum, en gerir þá skýlausu kröfu að þá megi leggja að jöfnu. Það á sér ekki fordæmi þegar aðilum er boðið inn í annað veiðikerfi að ekki sé samhliða höfð opin leið fyrir þá sem engan vegin geta fært sig milli veiðikerfa. Frumvarpið er þessa eðlis og leggur LS ofuráherslu á að tekið verði tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram.

Sjái þingmenn sér ekki fært að standa við gefin fyrirheit um festingu lágmarksfjölda sóknardaga eins og sjávarútvegsráðherra sagði frumvarpið bera í

sér, er engin framtíð í sóknardagakerfi frumvarpsins. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er framlenging sóknardagakerfisins sýndarmennska ein.

Tillögur að breytingum

1. gr.

- a. Í stað „fjórar handfærarúllur“ komi: fimm handfærarúllur.
- b. Í stað 1. ml. komi: Á fiskveiðiarinu 2004/2005 skal fjöldi sóknardaga vera 20.
4. ml. falli brott.
- c. Í stað „10. maí 2004“ komi: gildistöku laganna.
Í stað „100“ í tl. 1 og 2 komi: 200.
Í stað „fækkar sóknardögum um tvo“ í 1. tl. komi: fækkar sóknardögum um einn“.

Auk framangreindrar breytinga er óskað eftir að 2. ml. 1. mgr. 6. gr. falli brott.

3. gr.

Í 2. ml. 3. tl. komi: við gildistöku laganna, í stað „10. maí 2004“.

Við frumvarpið komi ný grein sem verði 4. gr. þannig að 4. gr. frumvarpsins verði 5. gr.

4. gr.

1. tl. 7. gr. laganna falli brott.

Lokaorð

Það er mat LS að breytingar á frumvarpinum samkvæmt framangreindu muni tryggja að frumvarpið feli í sér tvo jafngilda kosti fyrir eigendur sóknardagabáta þegar þeir taka ákvörðun um veiðikerfi til framtíðar.

Virðingarfyllt


Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Hjálagt:

Ályktun stjórnar LS
frá 18. maí 2004

Stjórn Landssambands smábátæigenda kom saman til fundar þann 18. maí 2004 til að fjalla um sóknardagafrumvarp sjávarútvegsráðherra. Eftirfarandi ályktun var samþykkt:

Frumvarp sjávarútvegsráðherra mun að óbreyttu gera sóknardagakerfi handfærabáta að engu. Þessi staðreynd blasir við, þrátt fyrir að frumvarpið væri kynnt LS á þeim forsendum að það fæli í sér tvo jafngilda valkosti varðandi framtíðarskipan veiða sóknardagabáta. Sú er alls ekki raunin og að óbreyttu um hreinar þvingunaraðgerðir að ræða yfir í aflakvótakerfi. Stjórn LS leggst ekki gegn því að tefit sé fram valkostum, en gerir þá skýlausu kröfu að þá megi leggja að jöfnu. Krafa LS hefur verið að sett verði 23 daga gólf í sóknardagakerfi handfærabáta.

Sjái þingmenn sér ekki fært að standa við gefin fyrirheit um festingu lágmarksfjölda sóknardaga eins og sjávarútvegsráðherra sagði frumvarpið bera í sér, er engin framtíð í sóknardagakerfi frumvarpsins. Það er með öllu útilokað að taka þann málflutning alvarlega að menn geti vegið það til jafns við þann valkost að fara í krókaafلامarkid. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er framlenging sóknardagakerfisins sýndarmennska ein.

Nú hefur komið í ljós að til virðist gnótt veiðiheimilda sem ekki verða frá öðrum teknar, þegar ná skal því markmiði að stýra með aflakvótakerfi. Þessu hefur hingað til verið þveröfugt farið þegar um er að ræða sóknarstýringu. Stjórn LS hefur ástæðu til að draga þá ályktun að hinn einbeitti vilji til að afleggja sóknardagakerfið þýði að hugað sé að enn frekari tilfærslum slíkra veiðiheimilda í því augnamiði að taka þetta skref til fulls.

Yfirlýst markmið stjórnvalda er að ná sátt við eigendur sóknardagabáta. Slík sátt næst ekki, ef ganga á þvert á vilja stórs hóps þeirra.

Landssamband smábátæigenda hefur alla tíð verið boðið og búið til að vinna að sátt um þessi mál og því lýsir stjórn LS miklum vonbrigðum með vinnubrögð sjávarútvegsráðherra gagnvart forystu félagsins í þeim efnum.

Frumvarp hans endurspeglar orðróm sem stöðugt barst forystu félagsins til eyrna að væru þær hugmyndir sem unnið væri með í sjávarútvegsráðuneytinu. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir þar að lútandi var því þverneitað í viðræðum LS við ráðuneytið.

Stjórn LS krefst þess að frumvarpið verði fært til þess vegar að um jafnræði valkosta verði að ræða og brýnir hið háa Alþingi til þeirra verka.

Stjórn Landssambands smábátæigenda

Umsögn Félags dagabátaeigenda.

(23. maí 2004.)

Það fer jafnan svo, er menn standa frammi fyrir lögvernduðum dauðadómi sínum með einungis tvo valkosti; hending eða byssukúla í hjarta stað, að sálartetrið fer á flökt og hugurinn hvarflar til baka, leitandi að grundvallar rökum þessara kringumstæðna.

Máttvana og í hamslausum kvíða, örlar á smá lífsneista og vonarglætu, ef kafað er í farteskinu nokkur misseri aftur í tímann, sem gætu orðið til varna eða málsbóta. Sýknun virðist ótæk og í óravíddum ljósvakans, meðan meirihluti löggjafans veðsetur sálu sína, til kaupa á stundar-æru atkvæða og glimmers í sjálfsæfisögu sína. Það verður ómyrkur dómur frá sagnfræðingum komandi kynslóða, varðandi s.l. tvo áratugi, hvað varðar lög og útfærslu á lögum, um stjórn fiskveiða. Sturlungaöldin verður hjóm eitt í samanburði við þau víg, sem yfir hafa dunið í skjóli “svokallaðrar verndunar”, þar sem engu er eyrt, hvorki umgengni á búsvæðum hafsins, búsvæðum fólksins í landinu, stjórnarskrá, eða almennum lögum þessa lands. Er ekki kominn tími til að staldra við og klífa á sjónarhól hreinnar skynsemi og jarða þessa aumkunarverðu sjálfumgleði, að við séum ábyrgastir, mestir og bestir í gjörvöllum heiminum. Látum þennan heimóttarskap og minnimáttarkennd víkja hið bráðasta, út í dýpstu Atlantsála, áður en í meiri forheimsku og óefni er komið.

Hvað varðar þetta óárans, ekkisens frumvarp, viljum við, Félag dagabátaeigenda, mótmæla kröftuglega og lítum svo á að þetta sé hótun og aðför að greininni og upphaf að endalokum handfæraveiða við Íslandsstrendur, ef þetta frumvarp nær fram að ganga.

Þann 19. apríl, s.l. sendum við inn umsögn til nefndarinnar, með athugasemdum, sem við stöndum fyllilega að baki og lítum svo á, að sé fyrsta skref til leiðréttingar á þeim taumlausu niðurskurði sem við höfum mátt þola og vitnum þar til umsagnar okkar, 15. apríl, s.l., einnig til nefndarinnar.

Í Hávamálum stendur “glík skulu gjöld gjöfum”. Með útgangspunkti í þessari fornu visku munum við í einfaldleika okkar og auðmýkt, býta í skjaldarrendurnar og þeysa fram til orustu með öllum tiltækum ráðum, ráðum sem við höfum ekki farið í grafgötur með, hvorki í ræðu né riti og endurspegladist einnig að hluta á ráðstefnu okkar í Borgarnesi, þann 15. mars 2003, “Um verndun búsvæða hafsins”.

Félag dagabátæigenda hefur frá frumbersku að formlegri stofnun félagsins, ötullega safnað vísindalegum gögnum um umgengni mannkyns á auðlindum hafsins. Vökull fókus hefur verið á N-Atlantshafið, þá ekki hvað síst á landgrunnið umhverfis Ísland. Enda þótt að öflug hagsmunasamtök hafi lagt, oftsinnis, stein í götu okkar á miður skynsamlegan hátt, höldum við áfram, ótrauð, baráttu okkar undir kjörorðinu; “Barnið í dag er þjóðin á morgun”.

Erlend umhverfissamtök hafa ítrekað borið víurnar í gagnabanka okkar, sem aldrei hefur verið falur fram til þessa. Spurningar hafa óneitanlega vaknað, eftir því sem þrengist í hengingarólinni: Hverju er eiginlega að tapa???

Því lýsum við fullri ábyrgð á afleiðingum þessa frumvarps á ykkar hendur.

Markaðsleg framtíðarsýn, á okkar helstu markaðssvæðum, verður sú að fiskur veiddur á vistvænan hátt mun eiga greiðan aðgang hvarvetna, en fiskur sem aflað er í dragveiðarfæri mun sæta hefts aðgengis á mörkuðum hins vestræna heims.

Með vegsemd, skilningi og virðingu,
f.h. Félags dagabátæigenda

Hermann Björn Haraldsson, sign.

Afrit: Sjávarútvegsráðherra, framkvæmdastjóri og formaður L.Í.Ú.

Umsögn Félags smábátæigenda Akranesi.

Okkar mat er að með þessu frv. sé verið að leggja af dagakerfið. Þessi staðreynd blasir við, þrátt fyrir að frumvarpið væri kynnt á þeim forsendum að það fæli í sér tvo jafngilda valkosti varðandi framtíðarskipan veiða sóknardagabáta. Sú er alls ekki raunin og að óbreyttu um hreinar þvingunaraðgerðir að ræða yfir í aflakvótakerfi. Stjórn Smábátafélags Akraness leggst ekki gegn því að teft sé fram valkostum, en gerir þá skýlausu kröfu að þá megi leggja að jöfnu. Krafa okkar hefur verið að sett verði 23 daga gólf í sóknardagakerfi handfærabáta um það ekki að ræða í þessu frumvarpi því leggjumst við eindregið gegn því.

fh stjórnar Félags smábátæigenda Akranesi

Gísli S. Einarsson form. kt 1212454509


Umsögn bæjarráðs Vestmannaeyja.
(24. maí 2004.)

Á undanförunum árum hefur afli dagróðrabáta utan aflamarkskerfisins aukist verulega. Á síðasta fiskveiðidári var aflinn á annan tugþúsunda tonna. Sé fiskverndunarsjónarmiðið virt við stjórn fiskveiða mun þessi aflaaukning fyrst og fremst ganga á hlutdeild aflamarkskerfisins af heildar botnfiskafla þjóðarinnar. Þar sem vægi aflamarkskerfisins er misjafnt eftir byggaðlögum mun slíkt óhjákvæmilega leiða til þess að kvóti færir frá einu byggðarlagi til annars. Við slíkt verður ekki unað.

Bæjarráð Vestmannaeyja telur að nauðsynlegt sé að takmarka heildarafla sóknardagabáta og jafnframt að slíkt sé hægt með **takmörkun á fjölda veiddra tonna** í sóknardagakerfinu eða að **allir bátar** á sóknardögum fái úthlutað krókaafلامark.

Í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða 3 gr. er gert ráð fyrir bátar innan sóknardagakerfisins geti valið á milli sóknardaga annarsvegar og krókaafلامarks hinsvegar sem sé úthlutað samkvæmt skilgreindum reiknigrunni. Bæjarráð Vestmannaeyja getur með engu móti fallist á slíka tilhöfum þar sem afli báta sé ekki takmarkaður í tonnum talið nema að takmörkuðu leiti og leggst þar með gegn frumvarpinu.

F.h Bæjarráðs Vestmannaeyja


Bergur Elías Guðstason
bæjarstjórn Vestmannaeyja

Umsögn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar.

(22. maí 2004.)

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, SFAÚ hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum nr.38, 15.maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum.

Efni : Málefni sóknardagabáta.

Umsögn: Stjórn SFAÚ lýsir yfir fullri andstöðu við umrætt frumvarp.

Stjórn SFAÚ telur að viðhalda beri sóknardagakerfinu enda um skynsamlegt veiðikerfi að ræða sem reynst hafi vel og sé mörgum kostum búið miðað við aðstæður þessa bátaflokks.

Hinsvegar beri að lögbinda lágmarksfjölda sóknardaga við raunhæft mark, sem geri eigendum þessarra báta fært að lifa af atvinnu sinni .

Um leið yrði horfið frá þeirri fráleitu viðmiðum um aflahlutdeild þessa bátaflokks sem ákvörðuð var á sýnum tíma og engan vegin fær staðist, sérstaklega þar sem bátunum hefur fjölgað mikið síðan.

Auk þess sem að framan er talið eru helstu rök fyrir afstöðu SFAÚ eru þessi:

Veigamesta breytingin á veiðikerfi s.k sóknardagabáta, sem frumvarpið boðar felst í því að útgerðaraðilum þessarra báta er boðið upp á að velja á milli þess að færa sig yfir í aflamarkskerfið og fá úthlutun samkvæmt veiðireynslu síðustu tveggja ára eftir tilteknum reglum, eða vera áfram í sóknardagakerfinu og fá til þess að byrja með (eins áður átti að verða) úhlutað 18 sóknardögum, en búa síðan í óvissu um hvert framhaldið verður. Eða eins og segir í skýringum með frumvarpinu:

” hver sá heildarafli verður (það er þeirra báta sem eftir verða í sóknardagakerfinu) er ekki unnt að áætla fyrr enn fyrir liggur hvaða bátar verða eftir í sóknardagakerfinu á næsta fiskveiðiári.”

Í frumvarpinu felast því alls ekki tveir jafngildir kostir í vali milli kerfa eins og stjórnvöldum væri annars skylt að bjóða samfara slíkum breytingum. Þver á móti felur frumvarpið í sér, ef að lögum verður svo ójafna kosti að jafna má við hreinar þvingunaraðgerðir yfir í aflamarkskerfið. Slíkt er með öllu ótækt.

Stjórn SFAÚ telur að verði frumvarp þetta að lögum, þá muni það ganga að sóknardagadagakerfinu dauðu innan fárra ára og kljúfa samstöðu smábátaeigenda í herðar niður.

Kópavogi 22.. maí 2004

Stjórn SFAÚ

Björgvin Hjörtun
Karl S. Karlsson
Ólafur Þ. Ólafsson
Jón Hauk Þósson

Umsögn Bárunnar, félags smábátaeigenda í Hafnarfirði og Garðabæ.
(22. maí 2004.)

Háttvirt Sjávarútvegsnefnd!

Stjórn Bárunnar félags smábátaeigenda í Hafnarfirði og Garðabæ lýsir vonbrigðum sínum yfir framkomnu frumvarpi til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða, þar sem að mati stjórnarinnar er nánast um þvingun Dagabátaeigenda yfir í krókaafلامarkskerfið að ræða.

Stjórn Bárunnar gerir kröfu um að valkostirnir verði gerðir sambærilegir með því að setja gólf í dagana og vísar til kröfu LS. um 23ja daga gólf nú undanfarin ár, ella verði gengið hreint og heiðarlega til verks og dagakerfið aflagt með lögum.

Stjórn Bárunnar þykir einnig of bratt farið í skerðingu á dögum við breytt velarafl á bátum með undir 200 ha vél. Skorar einnig á Alþingi að breyta dagsetningunni varðandi breytta vélarstærð þannig, að þeir dagabátaeigendur sem þegar hafa samið um smíði á nýjum bátum verði ekki fyrir skerðingu á dögum velji þeir þá leið að vera áfram í dagakerfinu, þó um aukningu vélarafls verði að ræða.

Stjórn Bárunnar hefir ekkert út á ákvæði um rúllufjölda að setja.

Virðingarfyllt

Fh. Bárunnar



Gunnar Pálmarson formaður

Umsögn Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum.

Elding mótmælir harðlega allri kvótasetningu á dagabáta, krafa okkar er og hefur verið 23 daga gólf.

Síðast samþykkt á félasfundi 9-3 2004.

Við mótmælum að rífið sé upp með rötum eina frelsið sem enn er innan fiskveiðikerfisins, minni sjávarbyggðir sem lyggja best að miðunum og hafa notið þessa frelsis munu skaðast mest.

Í rekstaráætlunum margra fiskvinnslufyrirtækja er gert ráð fyrir þessum flota.

Við bendum sérstaklega á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 11.608 tonnum ef allir velja dagana, það ætti því ekkert að vera því til fyrirstöðu að halda dagakerfinu með véla og rúllutakmörkunum.

Vinnubrögð ráðherra gagnvart Landsambandi Smábátæigenda við undirbúning þessa frumvarps er með öllu óafsakanleg.

Þó þykir okkur verst sú byggðaröskun sem af þessu frumvarpi hlýst.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd Eldingar



Guðmundur Halldórsson

Umsögn Ísafjarðarbæjar.
(25. maí 2001.)


Undirritaður fékk boð um að umsagnarfrestur um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 996. maí, hefði verið stytur um einn dag eða til 23. maí n.k. Til að umsögn berist frá Ísafjarðarbæ innan frestsins sendir undirritaður sjávarútvegsnefnd Alþingis bókun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 19. maí sl.:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar skorar á Alþingi Íslendinga að samþykkja, að sóknardagar í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi og varðar sóknardaga smábáta, verði að lámarki 23.“

Með þessari bókun er bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að leggja áherslu á mikilvægi þess að sóknardögum smábáta verði ekki fækkað frekar og svokallað frekar og svokallað gólf verði sett með 23 dögum. Landanir dagabáta skipta miklu fyrir fiskvinnslu og athafnalíf í Ísafjarðarbæ og þess vegna telur bæjarstjórn mikilvægt að útgerðarmönnum dagabáta verði gert kleift að halda áfram í þeim útgerðarflokki.

Til að þeir geti haldið áfram í dagabátakerfinu er mikilvægt að lagabreyting verði þannig að hagstætt verði að vera í dagakerfinu en ekki að einungis verði hagstætt að hætta í því kerfi og færa sig yfir í krókaaflamarkskerfið.

Efni bréfsins barst yður í tölvupósti þann 21. maí s.l.

Virðingarfyllt

Halldór Halldórsson
- bæjarstjóri -

Umsögn Árborgar, félags smábátaeigenda á Suðurlandi.
(22. maí 2004.)

Eftirfarandi er afgreiðsla síðasta aðalfundar Árborgar, félags smábátaeigenda á suðurlandi um umrætt mál.

1. Árborg beinir þeim tilmælum til aðalfundar L.S. að barist verði fyrir því að dagabátar megi hefja veiðar 1. mars í stað 1. apríl eins og nú er.

Þetta er nauðsynlegt vegna þess að við suðurströndina eru veiðar bannaðar í hringingarstoppi sem stendur megnið af apríl og fljótlega eftir það gengur allur þorskur af miðunum, það er því nauðsynlegt fyrir þá sem vilja landa afla sínum í heimahöfn við suðurströndina að fá mars inn í veiðitímabilið.

2. Félagsmenn í Árborg lýsa stuðningi við baráttu L.S. fyrir viðunandi gólfi í fjölda daga hjá dagabátum.

Þorlákshöfn 14. apríl 2004

Virðingarfyllst
Þorvaldur Garðarsson
Formaður Árborgar.

**Umsögn Svæðisfélagsins Kletts,
félags smábátaeigenda frá Ólafsfirði að Tjörnesi.
(24. maí 2004.)**

Klettur harnar, að við gerð þessa frumvarps skuli ekki hafa verið tekið tillit til samþykktar aðalfunda L.S. og svæðisfélaga smábátaeigenda um allt land um málefni dagabáta á síðustu árum, þar sem krafa hefur verið gerð um 23 daga gólf í dagakerfið.

Klettur leggst ekki gegn því að kvótaleið sé boðin sem lausn þessara mála handa þeim sem svo kjósa, en ýtrekar fyrri samþykktir um 23 daga gólf í dagakerfið sem annan valkost.

Það er skoðun Kletts að þetta frumvarp, feli í sér stórfellda fækkun smábáta á færaveiðum og hafi í för með sér aukið atvinnuleysi við sjávarsíðuna og sé því engin lausn á vanda dagabáta og útgerða þeirra. Klettur leggst því gegn samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd.

Virðingarfyllt

Pétur Sigurðsson Formaður Kletts

Heimahöfn	Fjöldi dagabát
Akranes	7
Akureyri	6
Amarstapi	7
Árskógssandur	1
Bakkafjörður	1
Bíldudalur	4
Blönduós	1
Bolungarvík	13
Borgarfjörður Eystrí	1
Borgarnes	5
Brjánslækur	8
Búðardalur	1
Dalvík	3
Djúpavík	1
Djúpivogur	6
Drangsnæs	3
Eskifjörður	2
Fáskrúðsfjörður	4
Flatey á Breiðafirði	1
Flateyri	8
Garðabær	2
Garður	3
Grenivík	1
Grindavík	2
Grimsey	18
Grundarfjörður	4
Hafnarfjörður	7
Hafnir	1
Haukabergrsvaðall	1
Hellnar	2
Hofsós	2
Hornafjörður	7
Hrísey	3
Húsavík	4
Ísafjörður	2
Keflavík	8
Kópasker	1
Neskaupstaður	4
Njaróvík	3
Norðurfjörður	7
Ólafsfjörður	4
Ólafsvík	27
Patreksfjörður	14
Reyðarfjörður	1
Reykjavík	11
Rif	3
Sandgerði	2
Sauðárkrókur	4
Selfoss	1
Seltjarnarnes	1
Seyðisfjörður	4
Siglufjörður	1
Skagaströnd	3
Stykkishólmur	13
Stöðvarfjörður	4
Suðureyri	4
Súðavík	7
Tálknafjörður	7
Vestmannaeyjar	6
Vogar	1
Vopnafjörður	1
Þingeyri	4
Þórshöfn	4
Samtals	292